

36. Frumvarp

til laga um að niður falli útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Frá 1. marz 1933 fellur niður útflutningsgjald af hverskonar landbúnaðarafurðum.

2. gr.

Um leið eru úr gildi numin, að því er snertir landbúnaðarvörur, lög nr. 70 27. júní 1921 og lög nr. 11 29. maí 1925.

Greinargerð.

Það er mjög óvenjuleg skattaleið að afla rikissjóði tekna með útflutningsgjaldi á framleiðsluvörum þjóðarinnar sjálfrar. Þó kemur þessi skattaöflun miklu harðar niður á landbændum en fiskframleiðendum, því að þeir, sem rækta landið, verða að kaupa það og borga vexti af höfuðstól, sem nemur nokkrum tugum milljóna, en af fiskimiðunum er eigi greidd nein leiga. Auk þess hefir skapast mikið misrétti um þessa skattgreiðslu, þegar vaxandi bæjamyndun olli því, að mikill markaður fyrir landbúnaðarvörur varð til í landinu sjálfu. Sátu sumir bændur við þann eld, en aðrir nálega eingöngu við útlenda markaðinn, sem var tollaður af landsmönnum sjálfum, en innlendi markaðurinn var í einu betri og tollfrjáls. Sjá allir, hvilíkt misrétti þessi skattalöggjöf skapar milli skattþegna í landinu.

Framantaldar ástæður hafa raunar átt við eins og nú mörg undanfarin ár. En nú hefir bætzt við alveg sérstök ný ástæða, hið gífurlega verðfall íslenzkrar landbúnaðarvöru á erlendum markaði. Eins og nú stendur á er með öllu ósæmilegt fyrir þjóðfélagið að nota útflutningsgjald af landbúnaðarvörum sem skattstofn, og mun frekar þörf á þessu þingi að hugsa fyrir verðlaunum handa bændum, sem flytja vörur á erlendan markað, eins og hann er nú.

Nái þetta frv. samþykki, mun ég flytja tillögur, sem bæta rikissjóði upp þann tekjumissi, sem leiðir af samþykkt þessa frumvarps.